

Mýrar Íslands

Fræðslubæklingur um
vernd og endurheimt mýra



Mýrar Íslands - fræðslubæklingur um vernd og endurheimt mýra
© Land og skógur 2025

Höfundar: Iðunn Hauksdóttir og Ágústa Helgadóttir
Umbrot: Fífa Jónsdóttir
Yfirlestur: Rósa Erlendsdóttir
Ljósmyndir: Iðunn Hauksdóttir
Teikningar: Fífa Jónsdóttir og Dagný Reykjalín
Prentun: Héraðsprent

ISBN 978-9935-9845-0-0



Mýrar Íslands

„Til mýrlendis tel ég öll þau gróðurfélög, sem vaxa á svo rökum jarðvegi, að jarðvatnið nær upp undir yfirborð jarðvegsins eða flýtur yfir hann að minnsta kosti nokkurn hluta úr árinu.“

Steindór Steindórsson frá Hlöðum (1975). Um Íslenskan mýrlendisgróður. Í Arnþór Garðarsson (ritstj.), Votlendi: Rit Landverndar; 4 (bls. 22-41).

Fyrir utan lítt gróið, örfoka land er mýrlendi Íslands víðáttumesta gróðurlendi landsins. Vatnsósa lífrænn jarðvegur einkennir mýrlendi og er jarðvegur þar mjög kolefnisríkur. Kolefni safnast fyrir í jarðveginum sem lífrænt efni vegna þess að þar eru aðstæður vatnsmettaðar og súrefnissnauðar. Mýrar gegna ýmsum mikilvægum hlutverkum fyrir lífríkið og eru jafn fjölbreyttar og þær eru margar. Mikil frjósemi og hátt sýrustig veldur því að háplöntur ríka í gróðurfari mýra. Mýraplöntur leysa súrefnisleysið með sérstökum loftgöngum eða loftfylltum rýmum í rótunum sem tryggir loftskipti milli stönguls og rótar. Vaðfuglar eru nátengdir votlendi og nýta sér vatnsósa jarðveginn, polla og tjarnir til fæðuöflunar.


Á heimsvísu hefur votlendi minnkað um 64-71% frá upphafi tuttugustu aldar og helmingi af íslensku mýrlendi hefur verið raskað af mannavöldum. Fyrst og fremst þarf því að vernda það óraskaða votlendi sem eftir er í heiminum. Í annan stað er forgangsmál að endurheimta allt það votlendi sem enn er talið að hægt sé að bjarga, sama hversu stórt eða lítið það er.

Áhrif framræslu mýrlendis

Við framræslu mýra lækkar vatnsyfirborð, jarðvegshiti hækkar og súrefni verður aðgengilegt rotverum sem byrja þá að taka til starfa við að brjóta niður lífrænt efni jarðvegs og umbreyta því í gróðurhúsalofttegundir sem losna út í andrúmsloftið. Landið á milli skurðanna byrjar því að lækka á meðan jarðvegurinn breytist í gastegundir sem stíga til himins. Á einn veg má ímynda sér framræsta mýri með sömu augum og gróðursnautt land, með stöku rofabarði, því á báðum stöðum er landið að „fjúka burt“. Helsti munurinn þarna á milli er sá að gróðurþekja í þurrlendi er horfin og við sjáum landið fjúka burt með berum augum en tap á landi í mýrum í formi gastegunda upp úr algrónu landi er í raun ósýnilegt.

En það sem við sjáum hvað best í framræstu mýrlendi eru gróðurfarsbreytingar. Þegar mýrarjarðvegurinn þornar skapast skilyrði fyrir þurrlendisplöntur að nema land og dreifa sér, plöntutegundir eins og hálíngresi, snarrótarpunt, skarífífil, engjaskraut og tildurmosa. Mestu ummerki gróðurfarsbreytinga eru á landinu sem þornar mest og er yfirleitt út frá skurðunum. Þar hafa votlendisplöntur oftast tapað samkeppnisbaráttunni við þurrlendisplöntur um vatn, pláss og næringarefni. Votlendisplöntur hverfa oft ekki alveg úr mýrinni og má helst sjá þær í blautustu blettunum, oft í dældum á milli þúfna og ofan í skurðum.

Síðast en ekki síst er votlendi mikilvægt búsvæði fugla og annarra lífvera og hefur framræsla þess bein áhrif á lífsgæði þeirra.



Rétt eftir framkvæmdir um haustið.
Vatnsstaðan farin að hækka.

Hvers vegna að endurheimta?

Með endurheimt mýra er leitast við að koma vatnsbúskap svæðis sem næst því sem áður var. Í kjölfarið má svo gera ráð fyrir að lífríki færist til fyrra horfs og að jöfnuður gróðurhúsalofttegunda verði jákvæður. Endurheimt votlendis getur aukið útivistargildi svæða, t.d. aukið möguleika til fuglaskoðunar og bætt skilyrði til veiða.

Líklegt er að votlendi muni gegna mikilvægu hlutverki bæði fyrir nýtingu og verndun lands með hlýnandi loftslagi eins og t.d. aðgengi að vatni í þurrum sumrum. Því er mikilvægt að vernda votlendi og endurheimta raskað votlendi sem ekki er verið að nýta og snúa því aftur í sitt náttúrulega horf.

Premur gróðurvaxtartímabilum seinna.
Óðinshonar hafa endurheimt búsvæði sitt.

Mýrar:

- eru mikilvæg búsvæði plantna, fugla, fiska, smádýra og örvera og því er verndun og endurheimt votlendis mjög mikilvæg út frá sjónarhorni líffræðilegs fjölbreytileika.
- geyma verulegan hluta kolefnisforða jarðar sem losnar út í andrúmsloft ef mýrinni er raskað.
- eru mikilvæg búsvæði íslenskra varpfugla en 90% íslenskra varpfugla, farfugla og vetrargesta byggja afkomu sína að einhverju leyti á votlendi.
- virka sem svampar og tempru rennsli fyrir læki og ár sem er mikilvægt fyrir vatnsbúskap þeirra. Auk þess minnka mýrar hættu á flóðum og jarðvegsrofi.

Markmið endurheimtar votlendis

Grunnforsenda endurheimtar mýra er að hækka grunnvatnshæð upp að yfirborði mýranna og með því endurheimta þá vistkerfisferla sem hefur verið raskað. Hins vegar geta markmið endurheimtar mýra verið fjölbætt:

• Endurheimt votlendisplantna

- Með hækkun á grunnvatnsstöðu ná votlendisplöntur forskoti í samkeppni við þurrlandisplöntur um pláss, vatn og næringarefni.
- Eftir endurheimt leysast einnig úr læðingi um mýrina næringarefni sem votlendisplöntur eins og starir og klóffá nýta sér. Blómgun eykst og þær vaxa og dafna af mikilli grósku.



• Endurheimt fuglalífs

- Með því að hækka vatnsstöðu mýra eykst smádýralíf og þar með æti fyrir fuglana sem nýta einnig tjarnir til varps og dvalarstaðs á fartíma.
- Hærri vatnsstaða heldur jarðveginum mjúkum og rökum sem er mikilvægt fyrir þá fugla sem stinga nefinu niður í jörðina í fæðuleit.
- Mikilvægt er að fuglar hafi greiðan aðgang að vatni til að sulla og snyrta fjaðrirnar til að viðhalda flughæfni.



• Endurheimt fiskalífs

- Með því að fjarlægja manngerða þröskulda, loka skurðum og færa vatn aftur í þurrkaða lækjarfarvegi má endurheimta mikilvæg hrygningar – og uppeldissvæði ferskvatnsfiska.
- Ála má oft finna í mýrum en þeir eru á valista yfir tegundir í útrýmingarhættu.
- Vatnsbúskapur veiðivatna- og áa getur verið jafnari í öröskuðum mýrum í miklum þurrkasumrum.

• Endurheimt landslagsheildar

- Þegar ruðningar úr uppgreftri skurða eru settir ofan í þá aftur opnast landslagið á ný og verður nær því landslagi sem var fyrir framræslu.
- Oft verða til litlar tjarnir við endurheimt og mýrin lifnar við að nýju.

• Endurheimt loftslags

- Við hækkun á grunnvatnsstöðu lækkar jarðvegshiti og súrefni hættir að vera aðgengilegt rotverum. Þetta verður til þess að lífrænt efni varðveitist sem mór í stað þess að breytast í gróðurhúsalofttegundir og losna út í andrúmsloftið.



Verklag endurheimtar votlendis hjá Landi og skógi

Allir almennir landeigendur, félagasamtök og sveitarfélög eiga rétt á að sækja um styrk til endurheimtar votlendis hjá Landi og skógi.

- Umsókn er send í gegnum heimasíðu Lands og skógar á www.logs.is
- Samningur er gerður um endurheimt votlendis.
- Starfsfólk Lands og skógar kortleggur grunnástand mýrarinnar, setur út vöktunarreit og aflar upplýsinga fyrir hönnun endurheimtarinnar út frá aðferðarfræði endurheimtar votlendis sem byggir á SER stöðlum um endurheimt vistkerfa.
- Sótt er um framkvæmdarleyfi hjá viðkomandi sveitarfélagi.
- Verktaki er fundinn í verkið og vinnur eftir útgefnum leiðbeiningum Lands og skógar um framkvæmd á endurheimt votlendis.
- Svæðið er vaktað innan samningstíma til að meta árangur endurheimtarinnar.
- Ef landeigendur kjósa þá er hægt að taka þátt í vöktun svæðisins með því að mæla vatnshæð fyrir og eftir endurheimt og vakta þróun lífríkis.

Viltu endurheimta votlendið?

Hafðu samband við Land og skóg
570-5550
votlendi@logs.is

Opið er fyrir styrkumsóknir til endurheimtar votlendis allt árið um kring.

Allur framkvæmdarkostnaður er innifalinn í styrknum.

Tilvísanir í landeigendur sem hafa endurheimt votlendi:

„Við erum líka mjög ánægð með árangurinn. Sjáum mikla breytingu neðan við veg, mikið fuglalíf“.

Landeigendur Hamraendum

„Það sem kom okkur mest á óvart var að landslagið opnaðist eftir endurheimt“.

Landeigendur Votalæk.

„Tilgangurinn var að minnka vatnsveiflur í Ásbúðnavatni með því að endurheimta mýrina við hliðina á. Síðan við endurheimtum virðast sveiflur hafa minnkað“.

Landeigendur Ásbúðum.

